

Við bjóðum þig velkomna/velkominn í augasteinsaðgerð í Sjónlagi.  
Mikilvægt er að þú lesir eftirfarandi upplýsingar vel.

### **Áríðandi skilaboð**

**Mikilvægt er að þú hringir í okkur í síma 577 1001 ef eftirfarandi á við þig:**

- **Ert með sýkingu eða sár sem vill ekki gróa.**
- **Hefur verið á sjúkrahúsi erlendis á síðastliðnum 6 mánuðum.**

**Ef þú ert með ofnæmi fyrir lyfjum, joði eða gúmmí (latexi) er mikilvægt að þú látir okkur vita af því þegar þú kemur í aðgerðina.**

### **Áhætta við aðgerðina**

Litlar líkur eru á að fá fylgikvilla í augasteinsaðgerð en aðgerðin er engu að síður ekki án áhættu.

Meðal þekktra fylgikvilla eru sýking, blæðing, bjúgur í hornhimnu og augnbotni. Það getur verið erfiðleikum háð að fjarlægja augasteinin og getur komið rof í svokallað afturhýði. Einnig getur verið að ekki sé hægt að setja gerviaugastein í augað.

Hafa ber í huga að ekki fá allir betri sjón eftir augasteinsaðgerð. Yfirleitt er þá öðrum sjúkdómi í auganu um að kenna. Einstaka sinnum greinist þessi sjúkdómur ekki fyrr en eftir aðgerðina.

### **Blóðþynning**

Ekki er nauðsynlegt að hætta á blóðþynningu fyrir aðgerðina.

### **Fyrir aðgerðina**

Gefin eru lyf sem víkka sjáaldur augans og þeir sem þess óska geta fengið róandi töflu.

### **Aðgerðin**

Þú liggur á stól svipuðum þeim sem tannlæknar nota. Augað er deyft með dropum. Húðin kringum augað er þvegin með sótthreinsandi efni og andlitið hulið með sótthreinsuðum pappírsgúk. Sett er augnlokssperra sem heldur augnlokunum í sundur meðan á aðgerðinni stendur.

Aðgerðin er gerð undir smásjá með sterku ljósi. Það er mikilvægt að þú horfir í ljósið á meðan á aðgerðinni stendur og sért alveg kyrr og afslöppuð/afslappaður.

Aðgerðin tekur venjulega 10-15 mínútur og getur þú farið heim fljótlega að henni lokinni. Hafa ber í huga að allt ferlið tekur lengri tíma, að jafnaði 1-2 klst.

Algengt er að einstaklingar séu viðkvæmir fyrir birtu í kjölfar aðerðarinnar. Sólgleraugu koma því að góðum notum.

**Ekki er ráðlegt að þú keyrir sjálf/sjálfur heim að aðgerð lokinni.**

### ***Eftir aðgerðina***

- Flestir sjá illa fyrst eftir aðgerðina.
- Einnig er eðlilegt að sjá allt í ákveðnum lit, t.d. rauðum eða bleikum.
- Yfirleitt eru ekki settar umbúðir fyrir augað og það er í lagi að horfa með auganu eins og venjulega, þ.m.t. að horfa á sjónvarp og lesa.
- Eðlilegt er að finna fyrir ertingu og vægum verk. Einnig er táraflæði oft aukið (stundum blóðlitað).
- Óhætt er að taka hefðbundin verkjalyf.
- Æskilegt er að taka því rólega á aðgerðardaginn.
- Fyrstu vikuna má ekki fara í sund.
- Mikilvægt er að nudda ekki augað eftir aðgerðina.
- Óhætt er að fara í flug að aðgerð lokinni.

Eðlilegt er að sjá illa nálægt sér og gagnast flestum lesgler með styrkleikanum +2,0 til +2,5.

### ***Eftirmeðferð***

**Maxidex** (bólqueyðandi augndropar) 1 dr. 3svar á dag í 3-4 vikur. Æskilegt er að byrja notkun þeirra 3-4 klst. eftir aðgerðina.

**Gervitár** er gott að nota, sérstaklega við sviða og ertingu.

### ***Glákudropar***

Þeir sem eru á **glákudropum** eiga að nota þá eins og áður.

Mikilvægt er að byrja með nýtt glas af glákudropunum eftir aðgerðina.

Ítarlegri upplýsingar varðandi aðgerðina er að finna á [www.sjonlag.is](http://www.sjonlag.is)

**Við slæman, versnandi verk, roða og versnun á sjón fyrstu dagana eftir aðgerðina er mikilvægt að þú hringir í síma 577 1001 (s: 899 9169 utan dagvinnutíma).**